



## E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

VERKFUNDARGERÐ				
Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð		Verkkaupi Borgarbyggð		Verknúmer
Fundarefni <b>Verkfundur</b>		Fundarstaður Símafundur		Nr. fundar #17
Fundarboðari Guðmundur Daníelsson	Fundarritari Guðmundur Daníelsson	Fundardags. 24/06/2020	Fundartími 10:00	Dags. Fundarg. 24/06/2020
Fundarmenn Guðmundur Daníelsson (GD) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Ragnar Frank (RF) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH)		Fyrirtæki Borgarbyggð Heflun ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf		
Fjarverandi Sigurjón Hallvarðsson (SH)		Fyrirtæki SH-Leiðarinn ehf		
Dreifing Fundarmenn		Fyrirtæki		
Dagskrá Fundar Skv. fundarboði - símafundur		Dagsetning næsta fundar 08/07-2020	Tími næsta fundar 10:00	
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlustrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið				

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	<b>Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar</b> GD fór yfir tafir á gerð fundargerðar síðasta fundar og rakti ástæður þessa. Fundarmenn sammála um góðan takt sem kominn var á útgáfu og afgreiðslu fundargerða og áhersla verður á að halda þeim takti.	
2.	<b>Útistandandi mál frá síðasta verkfundi</b> GD minntist á að aðgerðir vegna hita í tengimiðju í Reykholti sé í farvegi.	
3.	<b>Framgangur við þá áfanga sem unnið er við</b> Allri vinnu við áfanga 1 er lokið. ODTR og afl-mælingu var skilað til verkkaupa 23. Júní. Eftir yfirferð þeirra geta því notendur í Hvítársíðu hafið notkun á ljósleiðara.	
4.	<b>Næstu skref og áfangar</b> Vinna er hafin í áfanga 8. Undirbúningur á plægingu stendur yfir, verið er að bora undir vegi og hafist verður handa við lagningu röra á næstu dögum. Búist er við að vinnu við áfanga 8 verði lokið í upphafi ágúst. Næsti áfangi á eftir áfanga 8 er áfangi 7.	
5.	<b>Önnur mál er varða efni fundarins</b>	
6.	SI óskaði eftir því að fá send nokkur kefli af litlum (um 700metrar) 20mm rörakeflum til að nota þar sem minni vélar henta betur en stærri. Nóg er af 14mm rörum á verkstað og ekki þörf á að fá meira af því á núverandi verkstað í bili. SI spurðist fyrir um afhendingu á merkistikum. GD sagði málið í ferli, ýtt verður á eftir afhendingu.	GD
7.	SH minnti á litla húskassa sem ekki komu í síðustu sendingu og einnig sendingu af brunnum sem ekki hefur borist. GD kannar málið.	GD



#### E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

	SI hrósaði samskiptum við RARIK á vesturlandi eftir samskipti þeirra við Gilsbakka. RF fagnaði góðum samskiptum við RARIK enda mikilvægt að allir gengu í takt við lagningu á ljósleiðara og rafstrengjum eins og kostur er. GD sagði frá því að teikningar af fyrirhuguðum lagnaleiðum í áföngum 7 og 8 væru nú þegar í höndum og RARIK upplýst um framgang ljósleiðaraverkefnisins.	
	GD lýsti yfir ánægju með framgang verkefnisins og frágang plógfarsins í áfanga 1. Áfanginn hafi verið unninn í góðum takti.	
	GD fór yfir reikningamál. Mikilvægt er að verktaki leggi sig fram við að upplegg að uppgjöri innihaldi allar þær einingar sem unnar hafa verið í viðkomandi áfanga svo að uppgjör hans sé heilstætt svo að ekki þurfi að bakfæra útgefna reikninga sem óhjákvæmilega tefur greiðslur.	
	Ákvörðun tekin um að næsti fundur verði haldinn þann 8.júlí í Ráðhúsi Borgarbyggðar.	
<b>8.</b>	Fleira ekki rætt.	

Samþykki verktaka

Samþykki verkkaupa